

## Sáttmáli um farsíma- og snjalltækjanotkun í 5. - 10. bekk í Þelamerkurskóla

- ★Við erum sammála um að það megi koma með farsíma og snjalltæki í skólann en í kennslustundum eiga þau að vera ofan í tösku og slökkt á hljóði og titringi nema kennari leyfi annað.
- ★Nemendur bera sjálfir ábyrgð á tækjum í persónulegri eigu sem þeir koma með í skólann.
- ★Við erum sammála um að matmálstíma og útifríminútur notum við til samtala, samveru og leikja. Þess vegna eru símar og snjalltæki ekki í notkun á þessum tíma.
- ★Við erum sammála um að síma og snjalltæki er hægt að nota til afþreyingar eftir morgunverð og hádegisverð sem og þegar nemendur 7. - 10. bekkjar eru inni í frímínútum.
- ★Það er með öllu óheimilt að taka upp hljóð, myndir eða myndbönd á hvers konar rafeindatæki án leyfis.
- ★Á ferðalögum er sínum safnað saman og þeir geymdir á meðan ferðalagið er í gangi, þeir svo sóttir þegar komið er heim. Undantekningar frá þessari reglu geta komið upp ef starfsfólk metur aðstæður þannig.
- ★Við erum sammála um að þegar ekki er farið eftir þessum sáttmála þá afhendi nemandi starfsmanni skólans símann/snjalltækið. Nemandi getur sótt símann/tækið til skólastjórnenda að loknum skóladegi. Atvikið skal tilkynnt foreldrum/forráðamönnum.
- ★Hver námshópur getur sett sér sérstakar undirreglur um snjalltækja- og símanotkun svo framarlega sem þær séu innan þess ramma sem sáttmáli þessi setur.